

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Hinn 17. febrúar 1998 voru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjöl Íslands vegna breytinga á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948 sem gerðar voru 7. nóvember 1991 og 4. nóvember 1993, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 67 þar sem samþykktin er birt og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1969, 3/1979, 9/1982 og 2/1988.

Tilkynnt verður um gildistöku breytinganna síðar.

Breytingarnar frá 7. nóvember 1991 eru birtar sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og breytingarnar frá 4. nóvember 1993 sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal 1.

BREYTINGAR

á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina (um að skapa starfsgrundvöll fyrir nefnd um einföldun formsatriða).

11. gr.

Í stað textans kemur eftirfarandi:

Stofnunin samanstendur af þingi, ráði, siglingaöryggisnefnd, laganefnd, nefnd um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefnd, nefnd um einföldun formsatriða og þeim undirnefndum sem stofnunin telur nauðsynlegar á hverjum tíma, og skrifstofu.

15. gr.

Í stað texta 1. mgr. kemur eftirfarandi:

1. Að taka ákvarðanir um að halda alþjóðaráðstefnu eða að fara aðra viðeigandi leið til þess að samþykkja alþjóðasamninga eða breytingar á þeim sem lagðar eru til af sigl-

AMENDMENTS

to the Convention on the International Maritime Organization (institutionalization of the Facilitation Committee)

Article 11

The text is replaced by the following:

The Organization shall consist of an Assembly, a Council, a Maritime Safety Committee, a Legal Committee, a Marine Environment Protection Committee, a Technical Cooperation Committee, a Facilitation Committee and such subsidiary organs as the Organization may at any time consider necessary; and a Secretariat.

Article 15

The text of paragraph (1) is replaced by:

(1) To take decisions in regard to convening any international conference or following any other appropriate procedure for the adoption of international conventions or of amendments to

ingaöryggisnefnd, laganefnd, nefnd um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefnd, nefnd um einföldun formsatriða eða öðrum nefndum stofnunarinnar.

21. gr.

Í stað textans kemur eftirfarandi:

a) Ráðið skal taka til athugunar drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun sem framkvæmdastjórinn hefur samið með hliðsjón af tillögum siglingaöryggisnefndar, laganefndar, nefndar um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefndar, nefndar um einföldun formsatriða og annarra nefnda stofnunarinnar, og skal, að teknu tilliti til þeirra, ganga frá og senda þinginu starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og skal höfð hliðsjón af meginhagsmuna- og forgangsmálum stofnunarinnar.

b) Ráðið skal taka við skýrslum, tillögum og tilmælum siglingaöryggisnefndar, laganefndar, nefndar um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefndar, nefndar um einföldun formsatriða og annarra nefnda stofnunarinnar og skal senda þau þinginu og, þegar það situr ekki, aðilum til upplýsinga, ásamt athugasemdum og tilmælum ráðsins.

c) Mál sem um ræðir í 28., 33., 38., 43. og 48. gr. skal ráðið aðeins athuga að fengnu álitum siglingaöryggisnefndar, laganefndar, nefndar um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefndar eða nefndar um einföldun formsatriða, eftir því sem við á.

25. gr.

Í stað texta b-liðar kemur eftirfarandi:

b) Með hliðsjón af ákvæðum XVI. kafla og þeim samskiptum við aðra sem viðkomandi nefndir eiga skv. 28., 33., 38., 43. og 48. gr. skal ráðið, milli þess sem þingið situr, annast samskipti við aðrar stofnanir.

any international convention which have been developed by the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Maritime Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee, the Facilitation Committee, or other organs of the Organization.

Article 21

The text is replaced by the following:

(a) The Council shall consider the draft work programme and budget estimates prepared by the Secretary-General in the light of the proposals of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee, the Facilitation Committee and other organs of the Organization and, taking these into account, shall establish and submit to the Assembly the work programme and budget of the Organization, having regard to the general interest and priorities of the Organization.

(b) The Council shall receive the reports, proposals and recommendations of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee, the Facilitation Committee and other organs of the Organization and shall transmit them to the Assembly and, when the Assembly is not in session, to the Members for information, together with the comments and recommendations of the Council.

(c) Matters within the scope of articles 28, 33, 38, 43 and 48 shall be considered by the Council only after obtaining the views of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee or the Facilitation Committee, as may be appropriate.

Article 25

The text of paragraph (b) is replaced by:

(b) Having regard to the provisions of part XVI and to the relations maintained with other bodies by the respective Committees under Articles 28, 33, 38, 43 and 48, the Council shall between sessions of the Assembly, be responsible for relations with other organizations.

XI. KAFLI.

Nýr texti bætist við sem hér segir:

Nefnd um einföldun formsatriða.

47. gr.

Allir aðilar skulu eiga sæti í nefnd um einföldun formsatriða.

48. gr.

Nefnd um einföldun formsatriða skal athuga öll mál innan verkahringis stofnunarinnar sem lúta að því að auðvelda alþjóðlega skipaumferð og skal einkum:

- a) Vinna þau störf sem stofnuninni hafa verið eða kunna að verða falin í eða samkvæmt alþjóðasamningum um að auðvelda alþjóðlega skipaumferð, einkum að því er varðar samþykki og breytingar á ráðstöfunum eða öðrum ákvæðum, samkvæmt slíkum alþjóðasamningum.
- b) Með tilliti til ákvæða 25. gr. ber nefnd um einföldun formsatriða, að ósk þingsins eða ráðsins eða ef hún sjálf telur slíkt í þágu eigin starfa, að halda nánu sambandi við aðrar stofnanir svo að ná megi markmiðum stofnunarinnar.

49. gr.

Nefnd um einföldun formsatriða skal leggja fyrir ráðið:

- a) Tilmæli og leiðbeiningar sem nefndin hefur samið.
- b) Skýrslu um störf nefndarinnar frá síðasta fundi ráðsins.

50. gr.

Nefnd um einföldun formsatriða skal funda að minnsta kosti einu sinni á ári. Hún kys sér embættismenn árlega og setur sér eigin starfsreglur.

51. gr.

Þrátt fyrir að mælt sé á annan veg í þessari samþykkt, en þó með fyrirvara um ákvæði 47. gr., skal nefnd um einföldun formsatriða, þegar hún vinnur þau verk sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðlegum samningi eða öðrum gerningi, fara að viðeigandi ákvæðum samningsins eða gerningsins, einkum að því er varðar reglur um málsmeðferð.

PART XI

A new text is inserted, as follows:

The Facilitation Committee

Article 47

The Facilitation Committee shall consist of all the Members.

Article 48

The Facilitation Committee shall consider any matter within the scope of the Organization concerned with the facilitation of international maritime traffic and in particular shall:

- (a) Perform such functions as are or may be conferred upon the Organization by or under international conventions for the facilitation of international maritime traffic, particularly with respect to the adoption and amendment of measures or other provisions, as provided for in such conventions.
- (b) Having regard to the provisions of Article 25, the Facilitation Committee, upon request by the Assembly or the Council or if it deems such action useful in the interests of its own work, shall maintain such close relationship with other bodies as may further the purposes of the Organization.

Article 49

The Facilitation Committee shall submit to the Council:

- (a) Recommendations and guidelines which the Committee has developed.
- (b) A report on the work of the Committee since the previous session of the Council.

Article 50

The Facilitation Committee shall meet at least once a year. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own Rules of Procedure.

Article 51

Notwithstanding anything to the contrary in this Convention, but subject to the provisions of Article 47, the Facilitation Committee, when exercising the functions conferred upon it by or under any international convention or other instrument, shall conform to the relevant provisions of the convention or instrument in question, particularly as regards the rules governing the procedures to be followed.

56. gr. (endurtölusett sem 61. gr.)

Í stað textans kemur eftirfarandi:

Sérhver aðili sem stendur ekki við fjárhags-skuldbindingar sínar gagnvart stofnuninni innan eins árs frá gjalddaga fyrirgerir atkvæðisrétti sínum á þinginu, í ráðinu, í siglingaöryggisnefnd, í laganefnd, í nefnd um umhverfisvernd sjávar, í tæknisamvinnunefnd og í nefnd um einföldun formsatriða nema þingið ákveði að falla frá því að beita þessu ákvæði.

57. gr. (endurtölusett sem 62. gr.)

Í stað textans kemur eftirfarandi:

Sé ekki annað tekið fram í samþykktinni eða í einhverjum alþjóðasamningi, sem felur þinginu, ráðinu, siglingaöryggisnefnd, laganefnd, nefnd um umhverfisvernd sjávar, tæknisamvinnunefnd eða nefnd um einföldun formsatriða störf, gilda eftirfarandi ákvæði um atkvæðagreiðslu þar:

- a) Sérhver aðili skal hafa eitt atkvæði.
- b) Ákvarðanir skulu teknar með meiri hluta atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, en þar sem tveggja þriðju hluta atkvæða er krafist þarf tvo þriðju hluta atkvæða þeirra sem viðstaddir eru.
- c) Að því er samþykkt þessa varðar merkir „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ „aðilar sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti“. Aðilar sem sitja hjá teljast ekki hafa greitt atkvæði.

Afleiddar breytingar.

5., 6. og 7. gr.

Í stað tilvísana til 71. gr. koma tilvísanir til 76. gr.

8. gr.

Í stað tilvísunar til 72. gr. kemur tilvísun til 77. gr.

15. gr.

Í stað tilvísunar í g-lið til XII. kafla kemur tilvísun til XIII. kafla.

25. gr.

Í stað tilvísunar í a-lið til XV. kafla kemur tilvísun til XVI. kafla.

Article 56 (renumbered as Article 61)

The text is replaced by the following:

Any Member which fails to discharge its financial obligation to the Organization within one year from the date on which it is due shall have no vote in the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee or the Facilitation Committee unless the Assembly, at its discretion, waives this provision.

Article 57 (renumbered as Article 62)

The text is replaced by the following:

Except as otherwise provided in the Convention or in any international agreement which confers functions on the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Cooperation Committee, or the Facilitation Committee, the following provisions shall apply to voting in these organs:

- (a) Each Member shall have one vote.
- (b) Decisions shall be by a majority vote of the Members present and voting and, for decisions where a two-thirds majority vote is required, by a two-thirds majority vote of those present.
- (c) For the purpose of the Convention, the phrase “Members present and voting” means “Members present and casting an affirmative or negative vote”. Members which abstain from voting shall be considered as “not voting”.

Consequential Amendments

Articles 5, 6 and 7

The references to Article 71 are replaced by references to Article 76.

Article 8

The reference to Article 72 is replaced by a reference to Article 77.

Article 15

The reference in paragraph (g) to Part XII is replaced by a reference to Part XIII.

Article 25

The reference in paragraph (a) to Part XV is replaced by a reference to Part XVI.

XI.–XX. KAFLI.

XI.–XX. kafli eru endurtölusettir sem XII.–XXI. kafli.

47.–77. gr.

47.–77. gr. eru endurtölusettar sem 52.–82. gr.

66. gr. (endurtölusett sem 71. gr.)

Í stað tilvísunar til 73. gr. kemur tilvísun til 78. gr.

II. VIÐBÆTIR.

Í stað tilvísunar í fyrirsögn til 65. gr. kemur tilvísun til 70. gr.

67. og 68. gr. (endurtölusettar sem 72. og 73. gr.)

Í stað tilvísana til 66. gr. koma tilvísanir til 71. gr.

70. gr. (endurtölusett sem 75. gr.)

Í stað tilvísunar til 69. gr. kemur tilvísun til 74. gr.

72. gr. (endurtölusett sem 77. gr.)

Í stað tilvísunar í d-lið til 71. gr. kemur tilvísun til 76. gr.

73. gr. (endurtölusett sem 78. gr.)

Í stað tilvísunar í b-lið til 72. gr. kemur tilvísun til 77. gr.

74. gr. (endurtölusett sem 79. gr.)

Í stað tilvísunar til 71. gr. kemur tilvísun til 76. gr.

Fylgiskjal 2.

**BREYTINGAR
á samþykkt
um Alþjóðasiglingamálastofnunina.**

VI. KAFLI

Ráðið.

16. gr.

Í stað textans í 16. gr. kemur eftirfarandi:

Í ráðinu skulu eiga sæti fjörutíu meðlimir kjörnir af þinginu.

PARTS XI TO XX

Parts XI to XX are renumbered as Parts XII to XXI.

Articles 47 to 77

Articles 47 to 77 are renumbered as Articles 52 to 82.

Article 66 (renumbered as Article 71)

The reference to Article 73 is replaced by a reference to Article 78

APPENDIX II

The reference in the heading to Article 65 is replaced by a reference to Article 70.

Article 67 and 68 (renumbered as Articles 72 and 73, respectively)

The references to Article 66 are replaced by references to Article 71.

Article 70 (renumbered as Article 75)

The reference to Article 69 is replaced by reference to Article 74.

Article 72 (renumbered as Article 77)

The reference in paragraph (d) to Article 71 is replaced by a reference to Article 76.

Article 73 (renumbered as Article 78)

The reference in paragraph (b) to Article 72 is replaced by a reference to Article 77.

Article 74 (renumbered as Article 79)

The reference to Article 71 is replaced by a reference to Article 76.

**AMENDMENTS
to the Convention on the
International Maritime Organization**

PART VI

The Council

Article 16

Replace text of Article 16 by:

The Council shall be composed of forty members elected by the Assembly.

17. gr.

Í stað textans í 17. gr. kemur eftirfarandi:

Þegar meðlimir ráðsins eru kosnir skal þingið fylgja eftirfarandi viðmiðum:

- a) tíu skulu vera ríki sem mestra hagsmuna hafa að gæta við að veita alþjóðþjónustu á sviði siglinga;
- b) tíu skulu vera önnur ríki sem hafa mestra hagsmuna að gæta í alþjóðlegum flutningum á sjó í viðskiptaskyni;
- c) tuttugu skulu vera ríki sem ekki hafa verið kjörin skv. a- eða b-lið hér að framan, en hafa þó sérstakra hagsmuna að gæta vegna flutninga á sjó eða siglinga, enda tryggi kjör þeirra til setu í ráðinu að allir helstu heimshlutar eigi þar fulltrúa.

b-liður 19. gr.

Í stað textans í b-lið 19. gr. kemur eftirfarandi:

- b) Fundir ráðsins eru ályktunarhæfir ef 26 meðlimir eru viðstaddir.

Article 17

Replace text of Article 17 by:

In electing the Members of the Council, the Assembly shall observe the following criteria:

- (a) Ten shall be States with the largest interest in providing international shipping services;
- (b) Ten shall be other States with the largest interest in international seaborne trade;
- (c) Twenty shall be States not elected under (a) or (b) above which have special interests in maritime transport or navigation, and whose election to the Council will ensure the representation of all major geographic areas of the world.

Article 19(b)

Replace text of Article 19(b) by:

- (b) Twenty six Members of the Council shall constitute a quorum.